

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2024

2024/EES/51/36

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2477 frá 30. ágúst 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629 að því er varðar flokkun skipgengra vatnaleiða í Evrópusambandinu og tæknilegar lágmarkskröfur sem gilda um för ⁽¹⁾.
- XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 47b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 2477:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2477 frá 30. ágúst 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2477, 7.11.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2477, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2477, 7.11.2023.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.